

Mætt á fundinn: Ingibjörg, Ína, Elísa, Sigurlaug, Kolbrún Ósk, Rósa, Hilmir, Elsa, Katrín.

- Farið yfir hvað rætt var á síðasta fundi Samtaka og hverjir mæta á næsta fund þar. Elísa fór á fund hjá Heimili og skóla fyrir sunnan þar sem rætt var um ýmsar aðgerðir og leiðir sem foreldrafélög fara í samvinnu við foreldra og Elísa ætlar að segja frá þessum fundi á næsta fundi Samtaka. Elísa minnti okkur líka á að Heimili og Skóli eiga ýmis tæki og tól sem við getum nýtt okkur varðandi foreldrasamvinnu,
- Rætt um kostnaðarliði framundan varðandi desember; jólaball, kakó og konfekt.
- Elísa sagði frá síðasta fundu skólaráðs þar sem meðal annars kom fram að Facebook síða skólans verður áfram opin og eingöngu sem upplýsingasíða um almennt starf skólans.
- Ingibjörg sagði frá því að hafa setið í rýnihópi fyrir hönd foreldra, vegna ytra mats á starfi Naustaskóla. Ekki verður hægt að bjóða uppá slíkt námskeið í vetur en verður skoðað í haust.
- Rætt um námskeið í jákvæðum aga fyrir foreldra – Ingibjörg sagði frá því að Bryndís er tilbúin til að lána salinn í Naustaskóla fyrir slíkt námskeið.
- Rætt um Facebook síður árganganna – Ingibjörg hefur ekki lokað þeim ennþá en hefur haft samband við stjórnendur þeirra og beðið um að verða stjórnandi. Það þarf svo að halda áfram og klára það að loka þeim og bjóða foreldrum þá frekar að búa til síður án aðkomu foreldrafélagsins.
- Rætt um að ekki hafi mælst mikill áhugi meðal foreldra á foreldrarölti og verður það þess vegna ekki forgangsatriði á þessum vetri.
- Rætt um Hrekkjavökuballið sem var haldið og hafa fulltrúar í stjórn fengið margar athugasemdir vegna breytinga á verði á ballið. Hingað til hefur svali og popp fylgt með miðanum en svo var ekki núna og það virtist hafa farið framhjá mörgum.
- Bókastyrkur til skólans frá foreldrafélaginu og síðasta 10. Bekk upp á alls 100 þúsund krónur.
- Farið var yfir skilaboð sem bárust frá Persónuvernd vegna túlkunar á nýju persónuverndarlögunum en svo virðist sem sumir skólar hafi gengið of langt í túlkun sinni. Við yfirferð virðist svo ekki eiga við um Naustaskóla.